

# Fundargerð

## Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi – LLÍ Haldinn í Sunnusal Hótel Sögu fimmtudaginn 14. febrúar 2008 kl. 15:00.

**Fundarstjórar: Jóhannes Kristjánsson og Gunnar Sæmundsson.**

**Fundarritari: Tjörvi Bjarnason.**

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda var settur í Súlusal Hótel Sögu fimmtudaginn 14. febrúar 2008 kl. 15:00. Fundargestir voru um 60. **Örn Bergsson** stjórnarmaður bauð fólk velkomid og bar kveðju **Guðnýjar Sverrisdóttur** formanns samtakanna sem var fjarverandi. Hann gerði það að tillögu sinni að fundarstjórar yrðu þeir **Jóhannes Kristjánsson** og **Gunnar Sæmundsson** og **Tjörvi Bjarnason** fundarritari. Tillögur Arnar voru samþykktar athugasemdalaust með lófaklappi. Að því loknu tók Jóhannes við stjórn fundarins og kynnti fyrsta mál á dagskrá sem var skýrsla stjórnar samtakanna um starfsemi liðins árs.

### Dagskrá aðalfundar var svo hljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar samtakanna um starfsemina á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
3. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna.
5. Árgjald ákveðið.
6. Önnur mál sem félagið varðar.
  - „Staða þjóðlendumála í dag,“ Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra.
  - „Afréttarmálefni fyrir dómstólum,“ Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður.

### 1) Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári

**Örn Bergsson** flutti skýrslu um starfsemi síðasta árs og skipti erindi sínu í þrennt. Í fyrsta hluta fjallaði hann um stöðu þjóðlendumála, síðan um starfsemi landssamtakanna og í lokin um starfið fram undan.

Örn sagði félagsmenn vera um 425 í dag og tilgangur félagsins væri fyrst og fremst að þrýsta á um að ríkisstjórn og Alþingi beiti sér fyrir því að lögum um þjóðlendumál verði breytt. Skýlaus krafa samtakanna sé að land samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi teljist eignarland og sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrgði á því. Að mati Landssamtaka landeigenda er eignarrétturinn stjórnarskrárbundinn og friðhelgur. Stjórn samtakanna var kosin á stofnfundinum en í henni sitja nú Guðný Sverrisdóttir, Grenivík, formaður, Örn Bergsson, Hofi, varaformaður, Gunnar Sæmundsson, Hrutatungu, ritari, Ólafur H. Jónsson, Reykjavík, gjaldkeri og Jóhannes Kristjánsson, Höfðabrekku. Í varastjórn sitja Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum, Hrafnkell Karlsson, Hrauni, Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, Anna Guðrún Edvarðsdóttir, Bolungarvík og Rögnvaldur Ólafsson, Flugumýrarhvammi.

Örn rifjaði upp ályktanir stofnfundarins og fór yfir starf samtakanna. Fjórir fundir voru haldnir með fjármálaráðherra og búið er að funda með öllum þingfloknum. Öllum formönnum stjórnmalaflokka var sent bréf fyrir kosningar þar sem þeir voru krafðir svara um þjóðlendumálin. Örn minnti fundargesti á heimasíðu samtakanna landeigendur.is en hún var unnin í samstarfi við Bændasamtökin. Mótáðar voru tillögur til lagabreytinga sem komnar eru áleiðis sína leið á Alþingi. Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Fundur með fjármálaráðherra var haldinn 23. apríl en þar var þess m.a. krafist að vinnulagi við kröfugerð ríkisins vegna þjóðlendna yrði

breytt. Örn sagðist vona að á þessum aðalfundi kæmu fram skýr skilaboð frá fjármálaráðherra hvort breyta eigi þjóðlendulögunum. Örn velti því upp hvort nægjanlegt væri að breyta verklagsreglunum. Að mati Arnar er það ekki nóg því gera þurfi þjóðlendulögin skýrari. Þá las hann upp úr bréfi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar sem hún sendi stjórninni fyrir kosningar. Þar kom fram að henni virtist sem sönnunarbyrðinni væri í raun snúið við um hver ætti land. Hún taldi að endurskoða þyrfti framkvæmd laganna og það skyldi flokkur hennar gera.

Starfið fram undan fer í að fylgja eftir breytingum á þjóðlendulögunum og blása til funda um allt land. Þá velti Örn þeirri hugmynd upp hvort breyta ætti samþykktum félagsins. Samtökin hafi fengið fyrirspurnir um hvort þau ættu ekki að taka að sér fleiri verkefni, t.d. að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi vatnsréttindi, línulagnir eða annað það sem kann að koma við hagsmuni landeigenda. Örn sagði að ef breytingar yrðu gerðar á starfsemi samtakanna yrði það meiriháttar mál. Þá væri ljóst að ráða þyrfti framkvæmdastjóra og jafnvel lögfræðing til starfa. Örn sagði að umræðu væri þörf áður en ráðist yrði í breytingar sem þessar. Hann ítrekaði að Bændasamtökin hefðu stutt dyggilega við bakið á Landssamtökum landeigenda, m.a. með vinnuframlagi og þjónustu. Að lokum þakkaði hann formanni félagsins Guðnýju Sverrisdóttur fyrir dugnað og óeigingjarnt starf á árinu í þágu samtakanna.

Að loknu erindi Arnar gaf fundarstjóri **Ólafi H. Jónssyni** gjaldkera orðið.

## **2) Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.** Skoðunarmenn félagsins voru þeir **Gunnlaugur Malmquist** og **Eiríkur Blöndal**.

Ólafur fór yfir ársreikning félagsins og las upp helstu kennitölur. Tekjur af félagsgjöldum námu kr. 2.910.000 á árinu en rekstrarkostnaður nam alls kr. 1.903.834. Þar af var ferðakostnaður stjórnar kr. 1.457.331. Hagnaður ársins án fjármagnsliða nam kr. 1.006.166.

Ólafur bar upp tillögu um að stjórn fengi umboð til að ákvarða þóknun fyrir formann stjórnar. Einnig bar Ólafur upp þá tillögu að sannanlega útlagður kostnaður vegna starfa félagsins yrði greiddur og stjórn veitt umboð til að greiða hann.

## **3) Kosning aðalstjórnar og varastjórnar**

Að loknu máli Ólafs bar fundarstjóri upp tillögur um stjórnarmenn. Hann sagði að formaður félagsins gæfi ekki kost á sér áfram sem stjórnarformaður en gæfi áfram kost á sér í stjórn. Eftirfarandi tillaga að nýrri stjórn var samþykkt með lófaklappi:

*Formaður:* Örn Bergsson, Hofi.

*Aðrir stjórnarmenn:*

- Guðný Sverrisdóttir, Grenivík
- Ólafur H. Jónsson, Reykjavík
- Óðinn Sigþórsson, Einarsnesi
- Rögnvaldur Ólafsson, Flugumýrarhvammi.

*Varastjórn:*

- Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
- Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum
- Hrafnkell Karlsson, Hrauni

- Anna Guðrún Edvardsdóttir, Bolungarvík
- Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu

#### 4) Kosning tveggja skoðunarmanna

Tillaga um skoðunarmennina **Jóhannes Kristjánsson** og **Guðmund Malmquist** var samþykkt með lófaklappi.

#### 5) Árgjald ákveðið

Tillaga um óbreytt árgjald var samþykkt athugasemdalaust:

**Einstaklingar** 5.000 krónur

**Sveitarfélög:**

a. innan við 500 íbúar 30.000 krónur

b. 500-5.000 íbúar 50.000 krónur

c. 5.001 eða fleiri íbúar 100.000 krónur

Aðrir lögaðilar 30.000 krónur.

#### 6) Önnur mál

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum og þá voru kynntir tveir gestir fundarins, þeir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

**Árni M. Mathiesen** fór í erindi sínu yfir stöðu þjóðlendumála. Í upphafi rakti hann að á þessu ári væru 10 ár síðan lög um þjóðlendir og mörk eignarlanda tóku gildi. Hann sagði flesta sammála um að lagasetningin hefði verið nauðsynleg til að greiða úr þeirri óvissu sem ríkt hafi um langt skeið um takmörk beins eignarréttar í landinu og þannig í reynd um inntak eignarheimilda að jörðum hér á landi. Íslendingar væru ekki þeir einu sem væru í þessum sporum því að mörg nágrannlönd okkar hefðu farið í slíka vinnu. Nefndi hann dæmi um Norðmenn sem hefðu lagt í mikla vinnu til að afmarka mörk þessara mikilsverðu réttinda. Árni sagði að réttaróvissa sem hér hefði ríkt hefði komið upp í ýmsum myndum og fyrirsjáanlegt var að sú óvissa myndi aukast og hamla nýtingu lands. Það myndi í reynd hafa neikvæð áhrif á eignarrétt á jörðum hér á landi þegar fram liðu stundir. Hann rifjaði upp dóm Hæstaréttar sem kveðinn var upp fyrir setningu þjóðlendulaga varðandi rétt til fuglaveiða í eignarlöndum. Þar gátu eigendur jarða ekki með góðu móti nýtt rétt sinn þangað til lögum vegna takmarka eignarlanda og almennra afrétta og almenninga var breytt með þjóðlendulögum. Ráðherra sagði að reyndar hefðu mál vegna rjúpnaveiða ekki verið aðalmálin. Þarna hafi hins vegar komið fram staðfesting á því að ágreiningur væri uppi um beinan eignarrétt á landi. Dómstólar voru með öðrum orðum ekki tilbúnir til að líta svo á að landamerkjalyásingar jarða og fleiri sambærileg gögn væru fullnægjandi grundvöllur eignarréttarins. Þetta hafði því augljóslega í för með sér að óvissa væri með öll önnur réttindi sem almennt fylgdu beinum eignarrétti, s.s. vegna jarðhita, nýtingu jarðefna o.fl. Árni sagði að eftir á að hyggja hafi það verið skynsamlegt, og í raun nauðsynleg ráðstöfun, að ráðast í þá vinnu að skilgreina afmörkun eignarréttinda hér á landi. Með því væri greint eftir því sem kostur væri mörk beinna eignarlanda og þess hluta landsins sem félli undir skilgreininguna *þjóðareign*. Það mætti hins vegar deila um hvernig framkvæmd slíkra mála væri best fyrir komið.

Á síðasta ári var staða þjóðlendumála sú að óbyggðanefnd hafði lokið umfjöllun um suðurhluta landsins. Jafnframt hefðu verið kveðnir upp úrskurðir á Norðausturlandi og tók það svæði (sk. svæði 5) til Fljótsdals og Jökulsár á fjöllum. Þá gengu á síðasta ári all nokkrir dómur í Hæstarétti um þjóðlendumál sem að nokkru leyti voru stefnumarkandi og gáfu verulegar vísbendingar um afstöðu æðsta dómstóls ríkisins til afmörkunar einkaeignarréttarins og almenninga. Með það í huga, og ekki hvað síst í ljósi úrskurða óbyggðanefndar á Norðausturlandi sem voru afar mikilvægir, sagði Árni að tilefni væri til að fara yfir stöðu þjóðlendumála í heild sinni. Þannig mætti taka tillit til þess hvernig kröfugerð ríkisins verður háttáð á þeim svæðum sem enn hafa ekki komið til meðferðar. Einnig yrði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hefðu komið og ekki síst frá Landssamtökum landeigenda. Með því vonaðist ráðherra til að meiri sátt næðist um framkvæmdina.

Að höfðu samráði við fulltrúa í ráðgjafarnefnd ríkisins í þjóðlendumálum og lögmenn var mörkuð stefna um framhald og framkvæmd þjóðlendulaga. Árni sagðist vona að sátt næðist um vinnuaðferðirnar og þær kæmu fram í þeim vinnubrögðum á svæðum sem eftir væri að taka afstöðu til. Hann sagði þó að vafalaust yrði áfram deilt um einstök svæði og mörk almenninga, málin væru þannig vaxin.

Eitt af því sem tekið verður til endurskoðunar er verklag við undirbúning kröfulýsingar ríkisins. Árni sagði það ekkert launungarmál að það fyrirkomulag sem hefði verið við lýði, þ.e. að ríkið þyrfti að lýsa kröfum sínum í upphafi málsmeðferðar áður en gagnaöflun væri lokið í málunum, leiddi óhjákvæmilega til þess að kröfugerð ríkisins yrði umfangsmeiri en ella þyrfti. Það væri skiljanlegt að slíkt hefði valdið óánægju hjá landeigendum.

Á síðasta ári gerði fjármálaráðuneytið tillögu um að þessu fyrirkomulagi yrði að nokkru leyti breytt og féllst óbyggðanefnd á þau sjónarmið. Hið breytta verklag við undirbúning kröfulýsinga ríkisins í þjóðlendumálum byggir á því að sá tími er lengdur sem ríkið hefur til undirbúnings á kröfulýsingum sínum. Mun óbyggðanefnd upplýsa ríkið fyrr um fyrirhugaða töku svæðis til meðferðar en nú er gert. Hafist verður fyrr handa við öflun gagna og skjala varðandi þau svæði sem eiga að koma til meðferðar í samræmi við sérstakar leitaráætlanir. Í því fellst að gagnaleit hefjist fyrr á Þjóðskjalasafni en nú er og leit að grundvallargögnum og úrvinnsla þeirra sé gerð áður en til kröfulýsingar ríkisins kemur. Í þessu sambandi benti ráðherra á að forvinna vegna næsta svæðis væri farin í gang og þar væri þessu verklagi fylgt.

Ráðherra upplýsti að framvegis yrði farið hægar í sakirnar en gert hefði verið. Ljóst væri að þau tímamörk sem menn hafi sett sér í upphafi árið 1998 hefðu ekki staðist og því hefði frestur verið lengdur við að ljúka þessari heildarvinnu. Árni ítrekaði þá afstöðu sína að vegna mikilvægi málaflokksins væri betra að fara hægar en hraðar. Af þessum ástæðum leitaði fjármálaráðuneytið eftir því við óbyggðanefnd sl. haust að það svæði sem væri til meðferðar (sk. svæði 7) og væri í reynd gríðarstórt og næði frá jöklum í suðri og norður allan Tröllaskaga yrði skipt í tvo hluta svo að einungis yrði tekinn til meðferðar suðurhluti svæðisins. Með þessu gæfist kostur á að endurmeta þörf fyrir kröfugerð m.a. á norðanverðu landinu. Hann sagði jafnframt að beðið væri niðurstöðu óbyggðanefndar vegna þjóðlendumála í Mývatnssveit og Grýtubakkahreppi. Ráðherra sagði að vandlega yrði farið yfir þá úrskurði áður en lögð væri fram kröfugerð í Eyjafirði og Skagafirði.

Ráðherra gat þess einnig að ríkið myndi una að öllu leyti úrskurði óbyggðanefndar á Norðausturlandi en málshöfðunarfrestur vegna hans rann út um síðustu áramót. Árni sagði þetta nokkur tíðindi þar sem áður hefði ríkið jafnan borið undir dóm úrskurði nefndarinnar á einstökum svæðum þar sem ekki hefði verið fallist á kröfugerð ríkisins um þjóðlendur. Þetta ætti sér þó ákveðnar skýringar.

Meginástæður þess að ríkið taldi rétt að láta reyna á ýmsa úrskurði óbyggðanefndar á Suðurlandi voru þær að fá afstöðu dómstóla til tiltekinna ágreiningsefna, ekki hvað síst til að draga lærdóm af við framhald þjóðlendumálanna. Þannig hafi Hæstiréttur tekið afstöðu til ýmissa mikilsverðra þátta sem hægt væri að draga ályktanir af við ýmsar aðrar aðstæður þó svo að um þær hafi ekki beinlínis verið dæmt. Að framangreindum ástæðum var m.a. ákveðið á síðasta ári að una úrskurði óbyggðanefndar vegna Smjörfjalla. Þar eru ástæður í meginráttum þær að jarðir sem liggja báðum megin fjallgarðsins höfðu á sér allnokkurn „þjóðlendublæ“ að mati ríkisins. Að mati óbyggðanefndar var hins vegar talið að lýsingar einstakra jarða næðu til miðfellsins og ekki væri ástæða til að draga eignarrétt jarða sitt hvoru megin í efa. Þessa niðurstöðu óbyggðanefndar ákvað ríkið að sætta sig við. Má að sönnu draga nokkrar ályktanir af þessu varðandi kröfugerð ríkisins í framtíðinni. Þessi afstaða leiðir jafnframt til þess, að mati, ráðherra að una eigi niðurstöðu óbyggðanefndar vegna Esjusvæðisins. Þar væru jarðir sem liggja hvorum megin fjallsins og teldust ná saman í miðfelli í samræmi við afstöðu óbyggðanefndar. Árni sagðist hafa falið lögmanni ríkisins að falast eftir því að dómsmál sem væri í gangi vegna Esjunnar yrði fellt niður fyrir héraðsdómi. Árni sagði það trú sína að þeirri afstöðu sem hér hafi verið lýst muni í framtíðinni einfalda kröfugerð ríkisins en rétt væri að ítreka að þarna væri horft til aðstæðna þar sem jarðir liggja saman.

Að lokum nefndi ráðherra að fjármálaráðuneytið hefði breytt verklagi í nokkrum öðrum þáttum þjóðlendumála sem ekki væri ástæða til að fjölyrða um hér. Hann kvað það von sína að þær breytingar væru til bóta og jafnframt til að stuðla að því að sátt verði um framgang þessara mikilvægu mála í framtíðinni og þjóðlendumálum megi ljúka í eins mikilli sátt og frekast er unnt. Árni sagði að athugasemdir og ábendingar vegna þjóðlendumála hefðu borist víða að og málin verið mikið í opinberri umræðu. Ráðherra þakkaði framlag Landssamtaka landeigenda á Íslandi til umræðunnar og sagðist hafa reynt að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem frá stjórn samtakanna hefðu komið eftir því sem hægt hefði verið. Hann sagði að sú stefnumörkun sem hefði verið lögð á síðasta ári og hann hefði lýst hefði verið í anda þeirra ábendinga sem samtökin komu fram með. Það væri hins vegar ljóst og ráðherra gerði ráð fyrir að menn hefðu á því skilning, að um framkvæmd þjóðlendumála bæri honum sem fjármálaráðherra og fyrirsvarsmanni ríkissjóðs í þjóðlendumálum að gæta þeirra almennu hagsmuna sem lög um þjóðlendir legðu honum á herðar. Með góðu samkomulagi um framkvæmd laganna teldi hann að gæta mætti þeirra hagsmuna en samhliða taka tillit til mikilvægra sjónarmiða landeigenda í landinu. Til þess væri fullur vilji af hans hálfu.

Gert var 10 mínútna hlé á fundinum að loknu erindi Árna M. Mathiesen.

Eftir kaffihlé tók **Ragnar Aðalsteinsson** hæstaréttarlögmaður til máls og fjallaði um afréttarmál. Hann sagði að fyrir gildistöku þjóðlendulaga hefði allt land, sem ekki væri háð einkaeignarrétti, verið svokallað *einskismannssland*. Þjóðlendulögin væru til þess ætluð að breyta þessu samkvæmt skilningi Ragnars. Í samræmi við ákvæði laganna var stofnað til óbyggðanefndar og vakti Ragnar sérstaka athygli á nafngiftinni. Hann sagði að þingmennirnir hefðu skilið það þannig að um væri að ræða nefnd sem fjallaði um málefni óbyggðanna en ekki um t.d. sjávarbyggðir landsins. Það var sagt að hlutverk óbyggðanefndar væri að kanna og skera úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda. Skorið væri úr um þann hluta þjóðlendna sem væri afréttur og úrskurðað væri um eignarréttindi innan þjóðlendu. Meginrök íslenska ríkisins eru að afréttarlönd hafa að

mestu verið notuð til kvikfjárbeitar. Því telur ríkið að land sem er eingöngu notað sem beitiland fyrir kvikfé geti ekki verið háð beinum eignarrétti heldur hafi sú notkun eingöngu stofnað til óbeinna eignarréttinda sem ríkið að vísu viðurkennir. Ekki er ljóst hvernig ríkið telur að hægt sé að stofna til óbeinna eignarréttinda í einskismannslandi því það er andstætt grundvallarreglum í íslenskum rétti. Það á ekki að vera hægt, hvorki nú né fyrr. Niðurstöður óbyggðanefndar í úrskurðum um afrétti væru þær að þeir væru þjóðlenda en landið í svokallaðri afréttareign bænda. Með því á nefndin við að bændur eigi óbein eignarréttindi í landsvæðinu til sumarbeitar fyrir sauðfé og e.t.v. til annarrar takmarkaðrar notkunar. Ragnar vakti sérstaka athygli á hugtakinu „afréttareign“ og spurði hvernig orðið afréttareign gæti þjónað sem afnotaréttur. Nefndi hann til hliðsjónar orðin „húseign“, „landareign“ og „kvikfjáreign“ sem enginn vafi væri um hvað þýddi. Með orðinu „afréttareign“ væri verið að misbjóða íslenskri tungu í pólitískum tilgangi.

Ragnar sagði að rétturinn til að reka fé á lönd eða nýta skóg kallaðist „ítak“. Samkvæmt íslenskum rétti verður ekki stofnað til ítaks nema eignarréttur sé fyrir hendi. Til ítaka eða óbeinna eignarréttinda á landi verður ekki stofnað nema landið sé eign einhvers. Að þessu hafi ekki verið vikið í dómum Hæstaréttar. Gallinn við þá sé að oft væru mörg álitamál til meðferðar og ekki úr þeim leyst. Þá vék Ragnar að lagahugtakinu „afréttur“ sem hann sagði fyrst hafa verið skilgreint á þjóðveldistímanum sem land sem væri í eigu tveggja manna eða fleiri. Frá sama tíma væri að finna reglur um beitarnot og önnur not landsins. Árið 1281 fengum við Jónsbók úr hendi Noregskonungs sem gildi um aldir og sum ákvæði hennar gilda enn. Þar er að finna skilgreiningar á afrétti sem eru á sama hátt og í Grágás, þ.e. sem land í eigu tveggja manna eða fleiri. Sum ákvæði voru numin úr lögum árið 1969 um afréttarmálefni en þar var ekki tekin nein afstaða um eignarréttarmálefni afrétta. Eina lögfræðilega skilgreiningin á hugtakinu „afréttur“ er land sem er í eigu tveggja aðila eða fleiri og sú skilgreining stendur enn þann dag í dag. Ekki er hægt að rekja sögu einstakra afrétta frá upphafi byggðar á Íslandi til okkar daga. Það er heldur ekki hægt að upplýsa hvernig eignarréttur á landssvæðum komst í hendur bænda en yfirgnæfandi líkur eru á því að það hafi gerst þegar í stað eftir að byggð lagðist af. Sú ályktun styðst við það að það var mikil þörf á landi og fátt var verðmætara en land til beitar og ekki síst ef því fylgdu skógarnytjar. Þetta mælir eindregið gegn því að eignarréttur hafi fallið niður en það er þó ein af undirstöðum niðurstaðna Hæstaréttar í dómsmálum sem tengjast þjóðlendum. Hæstiréttur hefur ekki bent á réttarreglur þar sem um niðurfall eignarréttar sé að finna né réttaráhrif þess. Verðmæti voru alltof mikil til þess að ætla að fólk hafi yfirgefið þau og ríkinu hefur ekki tekist að sanna að eignarréttur af slíkum svæðum hafi fallið niður. Hæstiréttur hefur reynt að leiða líkur að því en fyrir slíku séu hvorki réttarlegar heimildir né sannfærandi rök.

Landamerkjalog voru samþykkt á Alþingi árið 1882. Þar var mælt fyrir um skyldur landeigenda til að skrásetja námkvæma lýsingu á landamerkjum landsins og sýna þá lýsingu hverjum þeim sem land á til móts við hann. Þetta átti líka við um afréttarlönd. Landeigendum bar að afhenda sýslumanni skjölin til þinglesturs og skráningar í landamerkjabók. Ragnar sagði að e.t.v. hefðu þessi lög ekki verið nógu vel samin í upphafi og ný lög voru samþykkt árið 1919. Þar hafði hið opinbera enn ríkara hlutverki að gegna en í eldri lögum. Allt frá gildistöku þessara laga hafa landamerkjabréfin verið hin opinberu sönnunargögn hvað varðar landamerki og eigendur landssvæða. Sönnunargildi hinna þinglýstu landamerkjabréfa hefur verið afar ríkt og þeir sem hafa vefengt þinglýstar heimildir af fasteignum hafa svo ríka sönnunarbyrði að nánast hefur verið útilokað að slík sönnun tækist. Í þjóðlendulögnum er ekki að finna nýja sönnunarreglu og í undirbúningsgögnum

laganna er sértaklega tekið fram að ekki sé ætlunin að breyta viðteknum sönnunarreglum um eignarrétt á fasteignum. Hæstiréttur Íslands hefur, þrátt fyrir skýran vilja löggjafans, lagt svo þungar sönnunarskyldur á herðar bændum að ókleift er að verða við þeim. Öllum öðrum eigendum fasteigna í landinu er nægilegt að framvísa þinglýstri eignarheimild til að geta talist tvímælalaus eigandi viðkomandi eignar. Kaup, sala og veðsetning fasteigna hér á landi svo og álagning skatta er byggð á hinum þinglýstu eignarheimildum. Í dómum Hæstaréttar um eignarrétt á afréttum er því beitt öðrum sönnunarreglum en almennt gilda um sönnun eignarréttar á fasteignum á Íslandi. Þá virðist Hæstiréttur telja að það hvíli á hinum þinglýstu eigendum jarðanna sem afrétturinn tilheyrir að sanna eignarrétt sinn. Ríkinu beri ekki að sanna að það sé ekki eigandi. Meginvandinn er því að sönnunarbyrðinni hefur verið snúið við, þ.e. að ríkið gerir kröfu og biður svo landeigandann að sanna eignarrétt sinn á landinu. Viðtekin sönnunarregla er sú að sækjandi sanni sitt mál ef hann véfengir eignarrétt annarra. Bændur hafi ekki búið við þessa reglu. Þá hafi dómurinn krafist óskilgreindra sönnunargagna frá gamalli tíð og ekki tekið tillit til þess að fjórar kynslóðir hafi búið á jörðunum og jarðirnar margoft skipt um eigendur.

Ragnar tók fram að hann hefði lesið um 15 erlenda dóma sem taka undir þau sjónarmið að not af afréttarlöndum, s.s. vegna beitarafnota, skapi eignarrétt samkvæmt hefð. Sú niðurstaða að sameiginleg not af landi geti ekki stofnað til beinna eignarréttinda á sér ekki stoð í nügildandi né eldri lagaheimildum á Íslandi. Á því er byggt í dómum Hæstaréttar að afréttarlönd hafi ekki verið háð einkaeignarrétti nema e.t.v. á fyrstu árum byggðar hér á landi þar sem það á við. Síðan er því haldið fram að eignarréttur á landinu hafi fallið niður og forverar þeirra sem afréttirnir nú tilheyra hafi hins vegar stofnað til óbeinna eignarréttinda í landi sem var í einskismanns eigu. Óumdeild regla er að ekki verði stofnað til óbeinna eignarréttinda í einskismanns landi. Til þess þarf samninga eða eftir atvikum afnotahefð. Menn hafa verið sviptir réttinum að njóta eigna sinna í friði. Sá réttur sé hins vegar varinn í stjórnarskránni og í mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki hefur verið mælt fyrir um slíka sviptingu í lögum síst af öllu í þjóðlendulögum. Ragnar sagði að ekki hefðu verið færð rök fyrir því að svipting eignarréttinda hafi verið gerð vegna almannahagsmuna. Hafi það verið gert hefur ekki verið gætt sanngjarns og réttláts jafnvægis á milli almannahagsmunanna og mannréttindaverndar eigendanna sem þeim er áskilin. Svipting eignarréttar stefnir ekki að neinu lögsmætu markmiði sem orðað er í lagatexta þjóðlendulaga eða í undirbúningsgögnum laganna.

Ragnar sagðist hafna því algjörlega sem ráðherra sagði um að deilur hefðu kallað á setningu þjóðlendulaga eða þær kröfur sem gerðar hafi verið. Hæstiréttur hafi ekki tekið tillit til réttmætra væntinga og góðrar trúar þeirra sem afréttirnir hafa fylgt um langt skeið. Þær væntingar nytu einnig verndar Mannréttindadómstóls Evrópu og stjórnarskránnar.

Að áliti ríkisins eiga jarðeigendur ekki rétt á fébótum vegna sviptinga. Það er almenn regla að eignarréttur á fasteign verði sannaður með framvísun þinglýstrar eignarheimildar og frá þeirri reglu verður ekki kvikað nema sá sem sækir sýni fram á betri rétt. Þessari almennu reglu hefur ekki verið beitt í dómum Hæstaréttar um þjóðlendumál og afrétti eins og fram hefur komið. Hafa verður í huga að áður en farið var að krefjast þinglýstra heimilda árið 1882 fyrir eignarrétti hafa menn ekki haft ástæður til að varðveita gömul gögn um eignarheimildir sínar. Mörg þessara gagna eru glötuð eða óskráð. Sönnunarkrafa Hæstaréttar er ósanngjörn, ófyrirsjáanleg, ógegnsæ og tilviljanakennt. Öðrum landeigendum en þeim sem eiga við ríkið er ekki skylt að sanna eignarheimildir sínar með þessum hætti. Nánast útilokað er að standa undir sönnunarbyrðinni sem gerð er krafa um af hendi ríkisins að mati Ragnars.

Ragnar beindi þá máli sínu að reglum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Hún nýtur verndar skv. stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Héraðsdómur og Hæstiréttur hérlendis hafa í báðum tilvikum lagt mjög þunga sönnunarbyrði á eigendur jarða sem þeim væri ókleift að standa undir. Í þessu sambandi rifjaði Ragnar upp að Úthlíðarmálið hefði í raun unnist fyrir tilviljun því til var vitnisburður vinnumanns [eða einhvers annars] frá 17. öld en það taldi Hæstiréttur mikilvægara sönnunargagn en þinglýsta eignarheimild bóndans í Úthlíð. Með slíkum sönnunarreglum njóta þeir sem í hlut eiga ekki réttlátrar málsmeðferðar og því er brotið á mannréttindum þeirra. Bæði dómstig hafa látið sem svo að þau sjái hvorki né heyri þau rök sem eru grundvallarrök landeigendanna í afréttarmálum.

Að lokum gat Ragnar þess að dómur Hæstaréttar um almenninga hefði verið lagður fyrir Mannréttindadómstól Evrópu en málið væri á frumstigi. Hann sagði að óhjákvæmilegt væri annað en að reyna til þrautar hvort afréttir tilheyri jörðum og séu óaðskiljanlegur hluti þeirra eða hvort landeigendur hafi aldrei eignast afréttina heldur einungis rétt til afnota. Upphaf þessa máls mætti rekja til Fossamálanna á öndverðri síðustu öld en þá tók löggjafinn þá afstöðu að vatnsréttindin fylgdu ekki afréttarlandi. Ragnar minnti á að lög um landamerki hefðu verið sett á þeim tíma þegar Ísland var að breytast úr stöðnuðu bændasamfélagi í annars konar samfélag þar sem lánastofnanir veita peningalán með veði í jörðunum o.s.frv. Það sem gert var á Íslandi árið 1882 endurspeglar þá þróun sem verið hafði í Evrópu 30 árum fyrr. Það væri mjög erfitt að skilja réttarstöðu eigenda afréttanna ef menn sniðganga Jónsbók nema menn átti sig á þeim efnahagslegu rökum sem eru fyrir eignarrétti bænda að afréttunum. Hafa yrði í huga að mest allt land á Íslandi var numið alveg að vatnaskilum eins og skýrt er frá í Jónsbók. Síðan skiptust landamerki á milli margra jarða og þá er útilokað að skipta beitarlandinu upp á milli allra jarðanna frá upphaflegu landnámi og beitarland til heiða yrði því í óskiptri sameign jarðanna. Ástæðan fyrir því að settar væru lagareglur um þessi mál er ekki ósvipuð þeim tilgangi sem reglur um fjöleignarhús gegna í dag. Það er vegna þess að setja þurfti reglur um ítölur, reglur um hvenær ætti að reka á fjall og fara í leitir til þess að valda ekki óskunda þegar farið væri yfir land annarra eða afrétti eins og sums staðar er.

Þessari deilu, eða ágreiningi milli bænda og ríkisins, mun hugsanlega ljúka með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá þarf að taka upp öll mál að nýju og endurskoða þau. Ragnar spáði því að þjóðlendumál yrðu rekin hérlendis fyrir dómstólum a.m.k. til ársins 2040.

Eftir að Ragnar lauk máli sínu var orðið gefið laust.

Fyrsti maður á mælendaskrá var **Knútur Bruun** lögmaður. Hann sagðist vilja tala til fjármálaráðherra vegna þess að honum fyndist hann á margan hátt ágætur stjórnmalamaður. Knútur sagði að kurteisi í garð jarðeigenda hefði heldur aukist með tilkomu nýs ráðherra í fjármálaráðuneytið. Knútur sagði Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk mestu eignaupptökuflokka á Íslandi fyrr og síðar. Knútur spurði hvað orðið „þjóðlendublær“ þýddi og vitnaði þar í ræðu ráðherra. Hann sagði að málið í heild sinni hefði á sér bótalausn eignarnámsblæ. Þá minntist Knútur á sína heimasveit, Örafinn, og vék máli að ástandi þar í sveit. Hann sagði merkilegt að nú væri verið að taka heilu jarðirnar af bændum þó menn hefðu þinglýsta pappíra sem sannaði eignarrétt. Hann sagði að þingmennirnir yrðu að ráða bót á þessu í þinginu. Það væri ekki nóg sem gert hefði verið þó málið hefði verið „dempað“ með aðgerðum fjármálaráðherra. Virðing Hæstaréttar hefði rýrnað vegna þjóðlendumálsins. Að

lokum velti Knútur þeirri spurningu upp hvað væri „ríkið“ og hvatti þingmenn til að hlusta á raddir fólksins í landinu.

Þá tók til máls **Ólafur Björnsson** lögmaður. Hann byrjaði á að þakka fyrir ágæt framsöguerindi og taldi það ákveðin tímamót að eftir 10 ár væri verið að breyta verklags- og vinnureglum. Ólafur taldi það til merkis um að samtök landeigenda hefðu tilverurétt og ættu þátt í hreyfa við málum. Meginlínan hefði verið sú að lönd með þinglýstum eignarréttarbréfum væru eignarland. Nú eru fjögur mál komin til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann beindi þeirri áskorun til ráðherra að ná enn betri sátt um þessi mál. Taka þyrfti til endurskoðunar mál eins og þau sem vörðuðu Öræfin og Staðarfell í Lóni. Ólafur hélt því fram að ekki þyrfti frekari gögn en þinglýst landamerkjabréf til sönnunar eignarréttar. Hann sagði að merkja mætti að Hæstiréttur væri að mildast í afstöðu sinni og nefndi dæmi þar um, s.s. í Mýrdal og Núpsstað. Nú þyrfti að taka upp ósanngjarna dóma í kjölfarið og leiðrétta þá.

Næstur á mælendaskrá var **Bjarni Harðarson** alþingismaður. Hann kvaðst hafa verið mikill áhugamaður um þjóðlendumál lengi og væri einn flutningsmanna frumvarps um breytingar á þjóðlendulögum. Það voru nokkur vonbrigði hvað gekk illa að fá flutningsmenn að tillögunni. Rakti Bjarni hvernig það hefði gengið og ekki hefði tekist að fá nógu marga úr stjórnarliðinu. Hann sagðist ekki telja sennilegt að frumvarpið næði fram að ganga en þó væru stuðningsmenn þess í öllum flokkum. Bjarni sagðist ætla að vinna vel að framgangi frumvarpsins og brýndi jafnframt fundinn til verka á þessu sviði. Hann taldi sig þess fullvissann að hægt væri að vinna málinu fylgi og mynda þrýsting á stjórnvöld. Sá árangur sem náðst hefði væri nokkur en gera þyrfti enn betur. Á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins var lagt til að framkvæmd þjóðlendumála yrði hætt í bili og málið endurskoðað í heild sinni. Það væri sanngirnismál fyrir þá sem að málum koma. Átök urðu um málið en tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Hann lýsti yfir vilja sínum til að berjast áfram fyrir leiðréttingu laga um þjóðlendur.

**Örn Bergsson** bóndi tók síðan til máls. Hann lagði fram fyrirspurn til Árna M. Mathiesen og Ragnars Aðalsteinssonar og spurði á hvaða forsendum væri hægt að breyta almennum reglum um sönnunarbyrði?

**Gunnar Sæmundsson** bóndi tók næstur til máls. Hann þakkaði framsögumönnum fyrir góðar ræður og bar síðan fram eftirfarandi tillögu að kveðju til Guðnýjar Sverrisdóttur formanns samtakanna: „Guðný Sverrisdóttir. Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi, haldinn á Hótel Sögu, fimmtudaginn 14. febrúar 2008, þakkar störf þín sem formaður Samtakanna á fyrsta starfsári þeirra um leið og fundurinn fagnar því að þú munir áfram starfa í stjórn. Fundurinn óskar þér góðs bata og góðrar heilsu á komandi dögum.“

Síðan beindi Gunnar máli sínu til fjármálaráðherra og þakkaði þær yfirlýsingar sem hann gaf. Það væri spor í rétta átt að hafa dregið til baka kröfugerð um Esjuna og Smjörfjöllin. Hann skoraði á ráðherra að taka upp mál í Skaftafellssýslu og falla frá þeim kröfum og skila því landi aftur. Gunnar kvaðst bjartsýnn á að málin yrðu tekin fyrir við Mannréttindadómstólinn og sagði það mannalegra af stjórnvöldum að draga málin til baka áður en dæmt yrði á erlendum vettvangi.

Gunnar sagði athyglisvert hvað fáir þingmenn mættu til fundarins, þeir hefðu verið fleiri á fundunum fyrir kosningarnar. Hann rifjaði upp orð eins frambjóðanda á Norðurlandi sem hafði uppi stór orð um að þjóðlendulögum þyrfti að breyta. Hann

hefði hins vegar ekki getað staðið í lappirnar og skrifað undir frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þá velti Gunnar upp þeirri spurningu hvers vegna ríkisvaldið gengi svona hart fram. Væri það vegna þess að ná þyrfti landi undir eignarrétt ríkisins þar sem um væri að ræða vatns- eða hitarréttindi? Að lokum hvatti hann Árna [M. Mathiesen] til þess að stíga fleiri skref í átt til breytinga.

**Ágúst Sigurðsson** tók til máls og þakkaði frummælendum fyrir sín innlegg. Hann haldi einnig störfum stjórnarinnar til þessa. Hann rifjaði upp að sem búnaðarþingsfulltrúi fyrir nokkrum árum hefði ekkert bent til þess að framganga ríkisins yrði með þeim hætti sem reynslan hefði sýnt. Skipan kröfunefndarinnar á sínum tíma var bændum ekki að skapi, m.a. vegna þeirra manna sem þar sátu. Ágúst sagði að kröfunefndin sjálf hefði skammtað sér verklagsreglur. Þá var ekki séð af hvílíkri ósvífni nefndin mundi fara fram. Hann kvað það sárt að sjá Sjálfstæðisflokkinn ganga í stafni fyrir þessum þjóðlendulögum og framgangi þeirra. Bændur séu fórnarlömb réttarfarslegra ranginda. Öll aðkoma ríkisins hefur þó heldur mildast og tók hann fram í lokin að ráðherra ætti að lýsa því yfir að þinglýsingar yrðu látnar gilda í þjóðlendumálum og þeirri vinnureglu yrði komið á framfæri við kröfunefndina.

Næstur tók til máls **Óðinn Sigþórsson**. Hann fagnaði yfirlýsingu ráðherra að falla frá málarekstri fyrir dómi vegna nokkurra mála. Það gæfi von um að hægt væri að ljúka málum í sátt. Það væri hins vegar nauðsynlegt að horfa til baka og fara yfir hvað hefði verið gert rangt í þjóðlendumálum. Óðinn sagði að sönnunarbyrði væri afar ströng og afstaða æðsta dóms landsins undarleg. Vandí málsins væri fyrst og fremst sá að lagasetningunni var ætlað eitt en framkvæmdin varð allt önnur. Rannsaka hefði þurft málin á frumstigi áður en lögín voru samþykkt. Þá hefði mátt forða átökum sem síðar urðu. Að sjálfsgöðu hefði verið siðlegt að láta landeigendur vita um þær aðferðir sem beitt yrði. Varðveisla eignarréttargagna hefur verið erfið í aldanna rás. Bækur liggja undir skemmdum og þær jafnvel brunnið eða glatast. Óðinn sagði að ný stjórn myndi ræða framhald þessara mála við ráðherra og vonaði að vel yrði tekið á móti stjórn LLÍ. Um frumvarpið um breytingar á þjóðlendulögum sagði Óðinn að heyrn frambjóðenda væri töluvert næmari en þingmanna!

**Einar Pétursson** kom þá í pontu. Hann velti upp spurningum um afréttareign og spurði hvort ekki mætti eins tala um þjóðeyjar. Þá fór Einar nokkrum orðum um það þegar Skjaldbreiður var seldur. Einar sagði óforsvaranlegt að ríkið tæki Landnámu sem opinbert gagn í málflutningi sínum.

**Björn Magnússon** bóndi í A-Húnavatnssýslu tók næstur til máls. Hann byrjaði á að þakka stjórn félagsins fyrir sín störf og frummælendum fyrir góð erindi. Hann sagði bændur á sínu svæði í varnarstöðu og þeir myndu verja sín lönd. Björn sagði sérstakt að það þætti ekki nóg heimild að hafa í höndunum þinglýstan samning á milli kaupanda og seljenda um sín lönd. Hann spurði ráðherra og Ragnar hvort bændur á sínu svæði þyrftu að hafa áhyggjur af því að ríkið tæki af þeim land sem sannanlega hefði verið greitt fyrir með gögnum og gæðum.

**Ingvar Ingvarsson** var síðastur á mælendaskrá og þakkaði fyrir fundinn. Hann sagði að það yrði aldrei liðið að Skjaldbreiði hafi verið stolið af Grímsnesingum.

Þá tók til svara **Árni M. Mathiesen**. Hann þakkaði góðar umræður og að vissu leyti þau jákvæðu viðbrögð sem hann hefði fengið við erindi sínu. Ráðherra áréttaði að í umræðunni væri fjármálaráðherra ekki alltaf í forgrunni heldur væri verið að ræða um sönnunarfærslureglur og starfshætti Hæstaréttar. Þær reglur væru í meginatriðum mótaðar af dómstólunum sjálfum og langri hefð. Það væri óráðlegt af hendi Alþingis að hrófla við dómstólum. Árni sagði um ummæli Ragnars að Hæstiréttur beitti annars konar reglum í þjóðlendumálum kallaði á umhugsun og viðbrögð ef rétt reynist. Það væri hins vegar ekki einfalt mál en að sjálfsögðu ætti rétturinn að gæta jafnræðis. Hins vegar höfum við varnagla og það er Mannréttindadómstóllinn. Árni kvaðst ekki liggja á þeirri skoðun sinni að það væri undarlegt að jarðir, eins og Breiðamerkurjarðirnar, hefðu fallið úr eignarrétti. Varðandi þinglýsingarnar og að þær væru láttnar ósnertar sagði Árni að ekki væru mörg dæmi um að þær hefðu ekki staðist. Hæstiréttur hefur sagt að skoða þurfi hverja lýsingu fyrir sig og ekki sé hægt að gefa út eina línu í þeim efnum. Árni kvaðst ekki löglærður maður en sagðist þó hafa rekist á það að þinglýst landamerki á jörð stönguðust á. Það rennur stöðum undir viðhorf Hæstaréttar að meta þyrfti hvert tilvik fyrir sig. Vegna þess væri ekki hægt að segja að þinglýst landamerki yrðu látin í friði.

Um fyrirspurn Björns Magnússonar sagðist ráðherra vonast til að allar þinglýsingar stæðust. Hann hefði þó nefnt eitt í sínu máli sem hringdi viðvörunarbjöllum hjá ráðherra vegna fyrri dæma og það væri þau mál þar sem kirkjan ætti í hlut. Í þeim tilfellum hefðu oft verið vandamál. Árni sagði að fyrir á tímum hefði kirkjan verið óprúttin við að auka við sig og ásælast land annarra. Þegar kirkjan hefði selt frá sér hefðu ekki öll eignarréttindi verið eins og skyldi. Þetta væri áhyggjuefni. Um lengd þjóðlendumála vitnaði Árni í mál Ragnars um að málin myndu standa til ársins 2040. Ráðherra sagðist gera sér grein fyrir því að þjóðlendumálin myndu vara lengur en menn ætluðu í upphafi.

**Ragnar Aðalsteinsson** tók næstur til máls. Hann sagði átökin liggja á milli einkaeignarréttar og forræðis ríkisins. Það væri skilningur sinn að þeir sem harðast verja þjóðlendulöggjöfina segðu að landið væri betur komið á hendi ríkisins en bænda. Bændur kunna ekki að fara með landið en öðru máli gegni um ríkið! Með þjóðlendumálinu kæmi fram að best væri að treysta ríkinu fyrir landinu, það væri hin pólitíska vidd málsins. Þetta væri sérkennilegt í því ljósi að þegar horft er til sjávarins þá segðu sömu menn að ríkinu sé ekki treystandi fyrir eignarréttinum heldur öðrum. Þeir sem fást við stjórnsmál birta okkur borgurunum oft mótsagnakennd viðhorf sem erfitt er að skilja, sagði Ragnar.

Þá nefndi Ragnar um tímann sem væri til umræðu. Í dómum sem hefðu fallið liti það þannig út að bændur hefðu nýlega verið að búa til sín landamerkjabréf og jafnvel að sölsa undir sig land sem þeir ættu ekki tilkall til. Ragnar sagði að þetta væri ekki með þessum hætti. Aðallega væri verið að ræða atburði sem hefðu orðið upp úr 1882 og það væru um fjórar kynslóðir síðan. Tíminn sem er til umræðu er misskilinn hjá bæði dómurum og stjórnsmálamönnum. Sá sem hefur eignast jörð á sl. 10 árum og skoðar sögu hennar og sér að hún hefur verið með óbreyttum landamerkjum svo lengi sem heimildir herma, t.d. til 1882, getur fullkomlega treyst því að eignarrétti hans fyrir jörðinni verði ekki hnikað. Ástæðan sé sú að ríkið hefur haft 120 ár til að gera athugasemdir og sama á við um sveitarfélög, sýslumenn og aðra. Þvert á móti hefur ríkið skattlagt jarðirnar allan þennan tíma og veitt veðlán fyrir jörðinni í marga áratugi. Sumar jarðirnar hafa lent „undir hamrinum“ og þá hefur ríkið látið selja jarðirnar á nauðungaruppboðum með tilteknum landamerkjum. Nú telur ríkisvaldið

sér ekki skylt að lögvernda góða trú núverandi eigenda. Þessi villa gengur í gegn bæði hjá dómstólum og óbyggðanefnd, þ.e. að tíminn skipti ekki máli.

Ragnar sagði að stjórnámálmenn gengu út frá því að allir menn væru óheiðarlegir. Ólafur Lárusson, sem var m.a. sérfræðingur í eignarrétti á miðri síðustu öld, benti á að það sem að lengi hefði staðið og enginn gert athugasemdir við það gildi enda væri ekki hægt að gera ráð fyrir því að menn væru óheiðarlegir. Nú hefur þetta snúist við og ef menn gætu ekki sannað að þeir væru heiðarlegir þá væru þeir óheiðarlegir! Svo er sagt að bóndi hefði getað lagt undir sig afréttarlönd með því að hripa niður línur á blað. Halda menn að þetta hafi verið viðhorfið fyrir 120 árum þegar afréttirnir voru beinlínis nauðsynlegir lífsafkomu bændanna á þeim tíma? Þegar rökstuðningur er jafn snubbóttur og hér um ræðir er erfitt að sætta sig við hann.

Um hinar „nýju tilbúnu sönnunarreglur“ sagði Ragnar að ekki væru allir jafnir fyrir lögnum. Tilviljanir mættu ekki ráða í framkvæmdinni eins og verið hefur. Um varðveislu gagna rifjaði Ragnar upp dóm sem féll í Mannréttindadómstólunum vegna klaustureigna í Grikklandi. Þar gátu munkar ekki vísað gögnum um eignarrétt á ákveðnum svæðum sem hefðu verið þeirra eign öldum saman. Dómstóllinn sagði að það væri ekki hægt að gera kröfu til þess gögnin varðveittust yfir svo langan tíma. Þarna voru sem sagt menntaðir munkar, í þurrum húsum í hinu heita Grikklandi ekki krafðir um þessi gögn. Hér á Íslandi væru hins vegar gerðar strangar kröfur íslenskra kotbænda sem bjuggu í hriplekum bæjarhúsum öld af öld að þeir eigi hin gömlu skjöl!

Um það hvort Ágúst Sigurðsson gæti sofið rótt sagði Ragnar að því miður mætti hann eiga á öllu von eins og dæmin sanna. Það virðist ekki einu sinni skipta máli þótt bændur hefðu keypt landið af ríkinu því þá segir ríkið að það hafi verið illa að landinu komið á sínum tíma!

Ragnar sagði það erfitt fyrir lögmennt að þurfa að treysta á ævaforntar bækur eins og Landnámu þar sem fræðimenn hafi sýnt fram að megi finna goðsagnir.

Ragnar sagði að ráðherra væri bundinn af jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar og samkvæmt því þyrfti að taka upp mál þar sem áður hafði verið dæmt um. Sagðist hann trúna því að Árni [M. Mathiesen] myndi gæta jafnræðis þegna landsins fyrir lögum.

**Árni M. Mathiesen** tók aftur til máls og hvatti fundarmenn til þess að gera meira en minna og brýndi þá í að sinna hagsmunagæslu sinni. Þegar hann hafði komið að málinu voru engin samtök og það hefði auðveldað honum sína vinnu að hafa fólk til að leita til við framgang málsins. Svona væri þetta með ýmis önnur mál sem snúa að ríkisvaldinu og samtökin gætu unnið.

**Gunnlaugur Ólafsson** þakkaði fyrir fundinn og það afl sem samtökin væru í samfélaginu. Hann sagði landeigendur eiga að vera stolta yfir sínu. Gunnlaugur sagði að enginn landeigandi væri með í ráðum með þróun Vatnajökulspjódgarðs. Hann sagði að e.t.v. væri ekki svo mikil ástæða til að óttast kirkjuna því að þar væru oft til betri heimildir en í öðrum dæmum. Sárasti hluti af niðurstöðu Hæstaréttar væri að þjófkenna marga mæta menn. Að lokum hvatti hann landeigendur til að taka þátt í umræðu um alla þá þætti sem varða eignarhald á landi.

**Ólafur H. Jónsson** tók síðan til máls. Hann tók undir orð síðasta ræðumanns og sagðist þekkja til sams konar mála í Reykjahlíð þar sem ætti að taka land undir þjóðgarð. Þar væri heldur enginn landeigandi sem kæmi að málum. Hann var ánægður með að heyra hvatningu ráðherra um að samtökin ættu að víkka út starfsemi sína.

Brýn verkefni bíða sem krefjast þess að landeigendur standi saman. Þar mætti nefna orkumál og efnistöku.

**Þorgrímur E. Guðbjartsson** bóndi tók síðastur til máls og þakkaði öllum sem á undan komu fyrir skemmtilegan og fræðandi málflutning. Hann vildi ræða útvíkkun samtakanna. Nefndi hann frumvarp til laga um frístundabyggð sem nú liggur fyrir Alþingi og þyrfti að taka á. Hann var ánægður með hvatningu ráðherra og gerði það að tillögu sinni að samtökin sæktu um fjármuni til ríkisins um að styðja við starfsemina.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá og nýr formaður samtakanna **Örn Bergsson** þakkaði það traust sem sér væri sýnt. Hann þakkaði fyrrum formanni Guðnýju Sverrisdóttur og stjórnarmönnum Gunnari Sæmundssyni og Jóhannesi Kristjánssyni fyrir starf þeirra í þágu samtakanna. Um útvíkkun starfsemi félagsins sagði Örn að stjórnin myndi fjalla um þær hugmyndir. Hann áréttaði hins vegar að ýmislegt þyrfti að koma til svo að það væri framkvæmanlegt. Öll hagsmunagæsla fyrir landeigendur spannaði mjög vítt svið. Hann þakkaði að lokum Árna M. Mathiesen og Ragnari Aðalsteinssyni fyrir sín erindi og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar með þökkum fyrir góðan fund. Örn sleit síðan fundi kl. 18:10.

/TB